

Sp.

353. Tillaga til þingsályktunar

[139. mál]

um að slíta stjórnmálasambandi við Breta.

Flm.: Jónas Árnason, Karl Guðjónsson, Lúðvik Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kalla heim sendiherra Íslands í London og slíta stjórnmálasambandi við Breta, láti þeir ekki þegar í stað af ofbeldis- aðgerðum sínum í íslenzkri fiskveiðalandhelgi.

Greinargerð.

Í viðtali, sem Alþýðublaðið átti við Eirik Kristófersson, skipherra á Þór, hinn 19. febr. s. l., var skipherrann spurður, „hvort hann álti, að Bretar mundu gera alvöru úr þeirri hótun sinni að skjóta á íslenzku varðskipin, ef þau létu sér ekki segjast,“ — og þá „svaraði hann því til og lagði á það mikla áherzlu, að enginn vafi væri á því, að Bretar mundu standa við hótanir sínar, ef þeim þætti ástæða til.“

Alþýðublaðið er sem kunnugt er málgagn utanríkisráðherra og eitt þeirra íslenzku blaða, sem leggja sig í líma við að sannfæra þjóðina um, að Bretar séu vinir okkar svo einlægir, traustir og góðir, að okkur sé það lífsnauðsyn að vera í hernaðarbandalagi við þá, bandalagi, sem er „stofnað í þeim tilgangi að afstýra árás og tryggja frið og frelsi,“ eins og utanríkisráðherra komst að orði í afmælisræðu sinni um þetta bandalag nú um daginn. Og skylt er að geta þess, að enda þótt Alþýðublaðið flytji lesendum sínum þessa ógnþrungnu yfirlýsingu hins reynda varðskipsmanns, þá er ástæðan ekki sú, að blaðið hafi breytt viðhorfi sínu til Breta, þeir eru að dómi þess eftir sem áður vinir okkar, traustir og góðir; þess er aðeins getið sem litilfjórlegs aukaatriðis í viðtalinu, að þessir ágætu félagar Íslendinga í bandalagi til að „afstýra árás og tryggja frið og frelsi“ séu þess albúnir að drepa Íslendinga, ef þeir þættust þess umkomnir að veita árás þeirra viðnám og halda til streitu frelsi sínu og réttindum gagnvart þeim. Eða með öðrum orðum: Við Íslendingar megum eiga vísa vináttu Breta meðan við látum þá traðka á rétti okkar, en þann dag, sem við kæmum fram við þá af þeirri reisu og festu, sem sémir fullvalda þjóð, mættum við eiga jafnvisar fallbyssukúlur þeirra.

Kúlurnar sitja enn þá kyrrar í þeim fallbyssum þessara vina okkar, sem snúa gapandi kjöftum að okkur, enda ekki gefizt ástæða til að hleypa af. Bretar hafa farið öllu sínu fram á miðum okkar. Dag eftir dag veiða brezkir togarar tugum saman í íslenzkri landhelgi. Brezk herskip skerast hvarvetna í leikinn í krafti vopnaðra yfirburða og hindra löglegan framgang mála, þegar varðskip okkar taka einhvern þessara landhelgisbrjóta, jafnvel þótt brotið sé framið innan þeirra marka, sem Bretar hafa þó viðurkennt sem íslenzkra landhelgi. Bretar hafa jafnvel ekki hikað við að fremja mannrán innan íslenzkrar lögsögu, eins og þegar Anderson flotadeildarforingi sendi skammbyssumenn sína um borð í einn landhelgisbrjótinn til að flytja þaðan með valdi hóp vopnlausra íslenzkra varðskipsmanna yfir í freigátuna og fullkomnaði loks svívirðuna með því að sigla í skjóli náttmyrkurs upp undir fjörugrjót við Keflavík og senda þar varðskipsmennina í land eins og hvert annað óskilagóss.

Þetta eru aðeins fá dæmi af fjölmörgum. Í átökunum við Breta höfum við Íslendingar mátt sæta smán á smán ofan. Og viðbrögð íslenzkra stjórnarvalda hafa verið þau ein að senda til London mótmælaorðsendingar, sem ráðamenn þar hafa svarað með fullyrðingum um, að Íslendingar ættu hér alla sök á, þegar þeir hafa þá ekki látið þögnina eina nægja sem svar.

Getum við verið þekktir fyrir að láta þetta viðgangast lengur?

Sannarlega er nóg komið af þeim mótmælaorðsendingum okkar, sem ráðamenn í London lesa með hæðnisglotti og fleygja síðan í bréfa körfuna. En liggur þá ekki

beinast við, að við hækkum álit okkar í augum heimsins með því að láta til skarar skríða gegn Bretum á miðum okkar, taka einhvern landhelgisbrjótinn og hoga hvergi, láta sem sé ráðast, hvort Bretar gera alvöru úr þeim hótunum sínum að svara löglegum aðgerðum okkar með manndrápum? Þeir, sem í alvöru segja, að Bretar séu vinir okkar ágætir, ættu að minnsta kosti ekki að vera hræddir við að stíga slíkt spor, þeir hljóta að treysta því, að hótanir Breta séu aðeins í nösunum á þeim og yrðu aldrei framkvæmdar, þegar til alvörunnar kæmi. Þeir, sem nú fara með stjórn á Íslandi, gætu sem sé sannað traust sitt á vináttu Breta með því að þora að leggja hana undir slíkt próf. Hinir, sem hafa mótað sér skoðanir í þessu efni út frá þeirri vitneskju, sem sagan geymir um framferði Breta gagnvart lítilsmegandi smáþjóðum allt frá upphafi heimsveldis þeirra og fram til þessa dags, munu aftur á móti meta líf íslenzkra varðskipsmanna of mikils til að vilja gera Bretum slíka vinátturaun.

En okkur stendur opin önnur leið til sæmdar í málinu, — sú leið, sem hér er lagt til að farin verði.

Á því leikur enginn vafi, að í sambandi við landhelgisdeiluna hefur sú staðreynd vakið hvað mesta furðu úti um heim, að þrátt fyrir margendurteknar ofbeldisaðgerðir Breta höfum við samt haldið óskertu stjórnmalasambandi við þá. Sendiherra okkar situr sem fastast suður í London, á sama tíma og stjórnarvöld þar láta herskip sín hóta að drepa löggæzlumenn okkar hér norður á Íslandsmiðum. Svona hagar sér engin þjóð, sem vill bera fullveldisheiti með sóma. Svona háttarlag er í augum umheimsins vottur þess, að við Íslendingar séum geðlaus smámenni, sem láti þjóða sér hvað sem er. Með þessu erum við að taka auðmjúklega ofan fyrir þeim aðila, sem notar hvert tækifæri til að svivirða okkur frammi fyrir þjóðum heims.

En svo mikla athygli sem það vekur úti um heim, að við skulum enn halda stjórnmalasambandi við Breta, þá mun það vekja engu minni athygli, ef við nú mótælum ofbeldi þeirra með því að slíta sambandinu. Það yrði skilið sem vottur þess, að okkur sé full alvara í landhelgismálinu, að við hyggjumst standa fast á rétti okkar sem fullvalda þjóð. Þetta er sem sé leiðin til að hefja okkur aftur til reisnar og álits úr þeirri auðmýkingu, sem fram til þessa hefur verið hlutskipti okkar í átökunum við Breta. Og jafnframt mundi þetta afla okkur fylgis meðal hinna ýmsu þjóða heims. Með þessu mundum við öðlast aukinn styrk með virðingu til að heyja baráttuna fyrir landhelgisréttindum okkar á alþjóðavettvangi.

Eða er ekki kominn tími til, að við förum að ganga uppréttir?

Þó er það því miður ekki óhugsandi, að einhverjir verði til að beita sér gegn þessari tillögu og rökstyðja þannig afstöðu sína, að með því að slíta stjórnmalasambandi við Breta mundum við og slíta vináttu við þá, en slíkt væri meira en hin lífsnauðsynlega samstaða „frjálsra og friðelskandi þjóða“ gæti þolað. En ef svo reynist, að einhverjir láti sér sæma slíkan málflutning, þá má segja, að rækilega hafi sannazt það spakmæli, sem hraut af vörum hæstvirts utanrikisráðherra í áður-nefndri afmælisræðu um Atlantshafsbandalagið: „Árásaraaðilinn hefur alltaf röksemdir á takteinum og þæga þjóna til að bera þær fram.“